

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322
8. nóvember 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 1 200 á hemil á mánuði. Vatnsgjald er kr. 1 600 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. desember 1977.

Nr. 455.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 387 27. desember
1973, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 975.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 950.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkv. orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 433, 30. desember 1976, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. desember 1977.

Nr. 456.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir: